

Reglur um úthlutun styrkja til íþróttá- og æskulýðsstarfs í Eyja og Miklaholtshrepp.

1. Styrkveitinar fari fram einu sinni á ári. Auglýsa skal eftir styrkumsóknum í október ár hvert og síðan tekur hreppsnefnd afstöðu til styrkveitinga við gerð fjárhagsáætlana fyrir næsta ár.
2. Styrki má veita einstaklingum, félögum og samtökum sem starfa að íþróttá- og æskulýðsstarfi í Eyja- og Miklaholtshrepp. Styrki má veita vegna einstakra verkefna eða viðvarandi starfsemi. Hreppsnefnd metur hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.
3. Einstaklingar sem stefna á og eiga raunhæfa möguleika á að ná lámörkum fyrir heimsmeistaramót, evrópumeistaramót eða ólympíuleika eru styrkhæfir sem og einstaklingar sem valdir hafa verið í landslið.
4. Umsækjendur styrkja skulu hafa lögheimili í Eyja og Miklaholtshrepp.
5. Umsóknum skal fylgja greinargerð um framgang verkefnisins og ráðstöfun styrkfjár skulu berast á skrifstofu sveitarfélagsins. Umsóknir skulu vera skriflegar og undirritaðar af forsvarsmanni og/eða stjórn þess félags sem sækir um styrk. Umsóknir sem berast í tölvupósti jafngilda skriflegum umsóknum.
6. Hverri umsókn skal fylgja greinargerð um starfsemi viðkomandi félags og / eða það verkefni sem vinna skal að. Tilgreina skal í hvaða verkefni eigi að nota þá fjármuni sem sótt er um. Styrkbeiðnum vegna reglulegrar starfsemi formlegs félags félagskappar skal fylgja ársreikningur viðkomandi félags vegna síðasta árs og/eða fjárhagsáætlun vegna yfirstandandi árs. Umsóknum vegna einstakra viðburða eða afmarkaðra verkefna skal fylgja fjárhagsáætlun.
7. Hreppsnefnd getur kallað forsvarsmenn félaga eða verkefna á sinn fund og farið fram á nánari upplýsingar ef þurfa þykir. Einnig getur hreppsnefnd falið oddvita að afla frekari upplýsinga varðandi umsóknir.
8. Hreppsnefnd getur skilyrt styrki og gert samninga um afhendingu þeirra. Oddviti skal fylgjast með að skilyrðum vegna skilyrtra styrkja/ samningsbundinna styrkja sé framfylgt.
9. Styrkþega ber að skila inn til hreppsnefndar greinargerð um framgang verkefnisins og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingum. Berist greinargerð ekki getur það hamlað frekari styrkveitingum.

Samþykkt 20. nóvember 2019.